



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Askja

2020 – 2021




Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leískólans:	3
1 Greinargerð leískólastjóra	3
2 Innra mat	7
3 Ytra mat	8
4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla	8
5 Samstarf leískóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	9
6 Foreldrasamvinna	10
7 Skipulagsdagar og leískóladagatal	11
8 Fylgigögn	11
8.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	11



Leiðarljós leískólans:

1 Greinargerð leískólastjóra

Skólaárið 2019-2020 var viðburðaríkt eins og í öllum skólum þar sem heimsfaraldur setti okkur miklar skorður en fékk okkur einnig til að endurmeta hlutina aðeins.

Við vorum einstaklega vel mönnuð hér í leískólanum Öskju, bæði af fagfólk og fólk með langa Hjallastefnureynslu sem skiptir sköpum í okkar augum fyrir gæði starfsins.

Árleg starfsánægju könnun sýndi mikla starfsánægju sem og foreldrakönnun sem sýnir áfram mikla ánægju og traust foreldra (sjá fylgiskjal 2)

Við hófum skólaárið á því að allt starfsfólk òkkar fór í gegnum nýja nýliðaáætlun Hjallastefnunnar sem er 12 vikna prógram með vikulegu lesefni eða myndböndum, þáttöku í umræðum,mátun í starfi og sjálfsmati. Í árlegri starfsfólkskönnun kom fram að allt starfsfólk var mjög ánægt með nýliðaáætlunina, fannst starfið ennþá faglegra eftir þessar 12 vikur og einnig þjappaði það hópnum ennþá meira saman.

Allir nemendur Öskju fá ensku kennslu í lotum. Ensku kennari heimsækir skólann eina viku í mánuði og hittir öll börn, í mislangan tíma eftir aldri. Á yngri kjörnum hittir hún allan hópinn í einu í samverustund í 10-15 mín á dag en á eldri kjörnum tekur hún hvern hóp fyrir sig (fjórir hópar á hverjum kjarna) og er með innlögn. Eins skiptist hún á að vera með valfundi og á valtíma á eldri kjörnunum.

Allir nemendur skólans fengu vikulega jógatíma á skólaárinu og það mun halda áfram á næsta skólaári.

5 ára börnin okkar eru staðsett í Barnaskólahúsinu og fá því að fylgja vel eldri börnum sem þar starfa. Mörg fimm ára barnanna eru orðin læs enda búið að leggja inn bókstafi eftir hljóðaaðferðinni í veturn og eins hafa tölustafir verið lagðir markvisst inn. Þau fara í íþróttatíma í Valsheimilinu einu sinni í viku, fara á tveggja vikna sundnámskeið á vorin og hafa tekið þátt í nokkrum smiðjum sem Barnaskólabörnum var boðið upp á eins og til dæmis smiðju um himingeiminn, heimilisfræði, smiðar og tónlist.

Stytting vinnuvikunnar fór af stað í apríl 2018 og því var þetta fyrsta heila skólaárið með vinnustyttingu alls starfsfólks en allt starfsfólk hefur fengið vinnudaginn sinn styttan um 1 klukkustund, samtals fimm klukkustundir á viku.

Helstu markmið með verkefninu eru:

- Að minnka álag á starfsfólk.
- Að fækka fjarvistum vegna veikinda.
- Að minnka skrepp starfsfólks á vinnutíma.
- Að minnka brottfall vegna álagstengdra vandamála.
- Að minnka starfsmannaveltu.
- Að lengja starfstíma kennara og auka lífsgæði þeirra.

Verkefnið hefur gefist afar vel og má þar nefna að fjarverur og skrepp kennara hefur minnkað mikið á milli ára ef við berum saman líðandi skólaár og skólaárið 2018-2019. Einnig hefur verið mun auðveldara að manna skólann eftir að stytting vinnuvikunnar tók gildi sem og að niðurstöður ánægjukönnunar starfsfólk sýndi að starfsfólk er afar ánægt með vinnutíma sinn og starfsánægja mjög mikil í Öskju. Það sama hefur sýnt sig í öllum skólum Hjallastefnunnar en vinnustyttingin hefur verið innleidd í alla leikskóla Hjallastefnunnar með góðum árangri en niðurstöður og árangur verkefnisins eiga eftir að birtast fljótlega.

Meginreglurnar okkar standa alltaf fyrir sínu og eru það leiðarljós sem við störfum eftir. Þær eru sex talsins og settar upp í skýrri forgangsröð. Í þeim birtast hugsjónir okkar, bæði innri þættir eins og þau lífsgildi sem við starfsfólk sameinumst um; viðhorf, mannskilningur og lífssýn svo og ytri þættir eins og skipulag, starfshættir og aðferðir sem byggja á umræddum hugsjónum og einkenna Hjallastefnuskóla. Markmið meginreglnanna er að byggja upp jákvæða og kærleiksríka skólamenningu og einnig að leggja af mörkum til grenndarsamfélags okkar þannig að við getum haft áhrif til góðs hvar sem við komum. Hlutverk meginreglnanna er að tryggja að skólaskipulag og starfsaðferðir séu í fullkomnum takti við hugsjónir, frá hinu stærsta til hins smæsta.

Örstutt kynning á meginreglunum:

1. Börn og foreldrar

Hjallastefnunni er ætlað að mæta hverju barni eins og það er og virða og viðurkenna ólíkar þarfir aldurshópa, kynja og einstaklinga. Skólanum ber einnig að virða valfrelsi og ólíkan áhuga barna og hlúa á víðfeðman hátt að velgengni allra.

2. Starfsfólk

Hjallastefnunni er ætlað að stuðla að því að jákvæðni, gleði og kærleikur séu ráðandi öfl í samskiptum starfsfólks svo og í öllum samskiptum við börn og foreldra og aðra sem koma að málum skólans.



3. Umhverfi

Hjallastefnunni er ætlað að skapa samfélag innan hvers skóla þar sem jafnvægi, einfaldleiki og gagnsæi er ráðandi í dagskrá, umhverfi og búnaði og reglur eru sýnilegar og áþreifanlegar. Þannig gefst börnum skiljanlegt og viðráðanlegt umhverfi miðað við aldur þeirra, þroska og getu.

4. Efniviður

Hjallastefnunni er ætlað að bjóða upp á leikefnivið og einföld námsgögn þar sem sköpun og ímyndun er í fyrirrúmi í fjölbreyttri reynslu hvers barns. Þannig skapar sjálfbjarga fólk eigið nám og leikheim með eigin lausnum og raunveruleikatengd verkefni eru í fyrirrúmi.

5. Náttúra

Hjallastefnunni er ætlað að kenna börnum að skynja og njóta náttúrulegs umhverfis og virða náttúruna með nýtni, nægjusemi og hófsemi svo og með umhirðu og endurvinnslu.

6. Samfélag

Hjallastefnunni er ætlað að þjálfa aga og hegðun á jákvæðan og hlýlegan en um leið ákveðinn og hreinskuptinn hátt. Með nákvæmni og festu verður taminn vilji leiðin til öryggis og frelsis fyrir alla í rósemd og friði innan skólasamfélagsins og síðar til ábyrgrar þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi.

Kynjanámskráin er útfærsla á hugmyndfræði Hjallastefnunnar, þar sem markmiðið er að tryggja jafnrétti kynjanna sem og annarra hópa og veita börnum frelsi frá neikvæðum afleiðingum kynjakerfisins og staðalímyndum. Hjá Hjallastefnunni er gengið út frá þeirri kennisetningu að kynin öðlist takmarkaða færni og æfi of fáa eiginleika vegna heftandi hugmynda um kynhlutverk og vegna kynjamótunar sem samfélagið ákvarðar á grundvelli kyns. Kynjanámskráin tryggir að öll börn fái heildstæða þjálfun í mannlegum eiginleikum óháð kyni, en markmiðið er að veita börnum tækifæri til að leika og læra á eigin forsendum án takmarkana sem kynjakerfið setur. Hver lota stendur í fjórar vikur í senn. Loturnar byggjast á því að þjálfa og bæði einstaklings- og félagsfærni hvers barns. Með því að fylgja eftir öllum sex lotunum fær hvert barn heildstæða þjálfun í einstaklings- og

félagsfærni þar sem jafnvægi ríkir á milli eiginleika sem eru oft tengdir við kyn. Allir þættir kynjanámskrárinnar eru þó ávallt í forgrunni í öllu skólastarfi.

Lotur í kynjanámskrá Hjallastefnunar:

1. Agi; virðing, hegðun, kurteisi, framkoma
2. Sjálfstyrking; sjálfstæði, sjálfstraust, öryggi, tjáning
3. Samskipti; umburðarlyndi, hjálpsemi, víðsýni, samstaða
4. Jákvæðni; bjartsýni, gleði, ákveðni, hreinskuptni
5. Vinátta; félagsskapur, umhyggja, nálægð, kærleikur
6. Áræðni; kjarkur, kraftur, virkni, frumkvæði

Covid tímar gengu eins vel og hægt var, við gátum haldið skólanum opnum allan tímann og veikindi eða sóttkví settu ekkert strik í reikninginn. Við lögðumst öll á eitt að halda skólastarfinu í eins mikilli rútinu og hægt var og óhætt er að segja að starfsfólk hafi staðið saman með jákvæðni og gleði allan tímann. Foreldrar sýndu okkur mikinn stuðning og hvöttu okkur áfram allan tímann. Ómetanlegt samfélag hér í Öskju er óhætt að segja.



2 Innra mat

Nýliðamóttaka og þjálfun er það sem við munum leggja aðaláhersluna á á komandi skólaári. Allt starfsfólk mun fara í gegnum okkar nýuppfærða nýliðaprógramm til að við séum öll samstíga.

Umhverfismál eru okkur afar hugleikinn og við erum nú þegar að gera margt gott í þeim málum. Matarsónun er t.d. afar lítil hér, við erum smátt og smátt að hætta með alla plastpoka og notum okkar eigin taupoka undir óhrein fót en taupokana saumum við úr slitnum starfsmannabolum og skólafötum. En við viljum gera enn betur í þessum málauflokk og höfum skipað umhverfisnefnd sem ætlar að fullvinna umhverfisstefnu fyrir skólann.

Við höfum komið upp moltutunnum í garðinum okkar sem börnin tóku þátt í, rætt var hvað fer í tunnurnar og merktar fótur inni á kjörnum sem eru sérstaklega fyrir moltutunnurnar. Börnin taka virkan þátt í því að flokka í fótur og tæma í tunnurnar.

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Nýliðamóttaka og þjálfun	Að nýliðar fái markvissari þjálfun, öryggi í starfi og minni starfsmannavelt a.	Nýtt nýliðaprógra mm tekið upp haust 2019.	Ágúst – nóvember 2020	Skólastjóri og kjarnastjórar	Starfsmanna könnun	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Umhverfismál	Fullvinna umhverfisstefnu fyrir skólann.	Stofna umhverfisnef nd sem ákveður hvaða mál skal taka fyrir á næsta skólaári	Skólaárið 2020.	Skólastýra og umhverfisnefnd	Starfsmannaf undir	Að ná þeim markmiðum til að geta kallað okkur skóla á grænni grein.



3 Ytra mat

Á hverju ári er gerð bæði starfsmanna og foreldrakönnun í öllum skólum Hjallastefnunnar. Með þessum könnunum fást mikilvægar upplýsingar sem hægt er að nýta til innra mats. Foreldrakönnunin er send til foreldra með tölvupósti og niðurstöðurnar nýttar til að sjá hvað við erum að gera vel og laga það sem betur mætti fara. Eins fæst með þessum könnunum aukið samstarf og samvinna milli heimilis og leikskóla. Þannig byggjum við upp samfélag þar sem foreldrar og starfsfólk vinnur að sameiginlegum hag barnanna. Farið var yfir niðurstöður foreldrakönnunar á starfsfólksfundum og tekin út nokkur umbótaatriði sem að þessu sinni snéru flest að upplýsingaflæði. Niðurstöður foreldrakönnunar er í fylgiskjali 4. Helstu niðurstöður könnunarinnar sýndu að 99% foreldra myndu mæla með leikskólanum við vini og fjölskyldu. Það sem folk var sérstaklega ánægt með var starfsfólk, maturinn, falleg samskipti á milli kennara og barna, skólafötin og vettlingaáskriftina.

Umbótapættir Ytra mat	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Upplýsingaflæði	Að foreldrar séu vel upplýstir og meðvitaðir um daglegt starf og starfsfólk skólans	Vikupóstar frá hópstjórum, nýtt starfsfólk kynnt betur, samræming myndatöku af börnum, hlutverk kennara merkt fyrir hvern kjarna.	Skólaárið 2020	Skólastýra og kjarnastjórar	Foreldrakönnun skólaárið 2019-2020, spjall á reglulegum starfsfólksfundum.	Enn betri niðurstöður um upplýsingaflæði í foreldrakönnun.

4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl fara fram einu sinni á önn. Í samtöllum á haustönn 2018 kom meðal annars fram að brýn þörf væri á nýliðaprogrammi í skólanum og að gera þyrfti úrbætur þar. Það sama

kom fram á skólastýrufundi Hjallastefnunnar að sama þörf væri komin upp í öllum skólum. Fyrir nokkrum árum var nýliðaprógram innan Hjallastefnunnar og hefur verið í gegnum árin með nokkrum sniðum, en svo hefur það dalað undanfarið. Farið var strax í þá vinnu í stjórnendahópnum að búa til nýliðaáætlun sem var tekin í gagnið haustið 2019. Ákveðið var á starfsfólksfundu Öskju að allt starsfólk Öskju færí gegnum nýliðaprógramið í haust til að við séum öll á sömu blaðsíðu enda er það góð upprifjun fyrir kennara skólans að skerpa á megináherslum Hjallastefnunnar og hjallískum vinnubrögðum.

Starfsfólk í Öskju hefur sótt ýmis námskeið og fræðslu á þessu skólaári. Á starfsfólksfundum erum við ávallt að skerpa á Hjallastefnunni, þeirri hugmyndafræði sem við störfum eftir og á lotufundum rýnum við í þá lotu sem er í vændum hverju sinni. Á hverju hausti er haustráðstefna Hjallastefnufólks þar sem starfsfólk af öllu landinu kemur saman og fræðist um ýmsa þætti í Hjallastefnustarfi. Við erum líka dugleg að sækja okkur fræðslu héðan og þaðan. Starfsfólk á okkar vegum sótti námskeið í Íslenska þroskalistanum og íslenska smábarnalistanum, pecs, video modeling og atferlisgreiningu, atferlisíhlutun fyrir börn með þroskafrávik, AEPS færnimiðað matskerfi, að kenna nýja færni. Nokkrir kennrarar fóru á námskeiðið Uppeldi sem virkar, færni til framtíðar. Við höfum sótt Tákn með tali námskeið og fengum fyrirlesturinn *Ég er unik* til okkar sem fjallar um einhverfu.

5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Barnaskóli Hjallastefnunnar í Reykjavík stendur á sömu lóð og Askja og mikill samgangur er þar á milli. Fimm ára börnin, elsti árgangur Öskju er staðsettur í Barnaskólanum. Við teljum að með þessari staðsetningu brúum við vel bilið á milli leikskólangs og grunnskólangs þar sem þau eru með sinn kjarna út af fyrir sig í ró og næði en taka líka aðeins þátt í Barnaskólastarfinu, bæði með þátttöku á vikulegum söngfundum og þau fara einnig í einfaldari útgáfu af þeim smiðjum sem grunnskólabörnin fara í eins og listgreinasmiðju, stjörnufræði og heimilisfræði. Fimm ára börnin eru því tilbúin að byrja í 1. bekk í Barnaskólanum í Reykjavík eftir að hafa verið á fimm ára kjarna. Fimm ára námskrá fylgir með í fylgiskjali (fylgiskjal 5).

Reglulegar heimsóknir eru á meðal 4 og 5 ára barna á milli Öskju og Barnaskólangs. Þau hittast í hverjum mánuði, aðallega í húskynnum Barnaskólangs en einnig koma 5 ára börn í heimsókn á söngfund í Öskju og svo hittast hóparnir einnig í Öskjuhlíð sem er hér í bakgarðinum hjá okkur. Farið

er eftir áætlun sem var gerð í samvinnu við kennara elstu barna í Öskju og svo kennara fimm ára barna.

Síðastliðið skólaár var hluti af valsvæðum elstu barna Barnaskólans (4. bekk) að koma í heimsókn í Öskju og aðstoða með yngri börnin, ýmist í leik en líka með því að hafa lestrarstund til dæmis. Þetta gekk ótrúlega vel og mikil ánægja með þetta á báðum vígstöðvum. Við munum án efa halda áfram með þetta í einhverri mynd næsta skólaár.

6 Foreldrasamvinna

Leikskólar Hjallastefnunnar setja samstarf við foreldra og fjölskyldur leikskólabarnanna í öndvegi. Leikskólinn Askja stendur reglulega fyrir atburðum sem efla samstarf leikskólans og heimilisins, en við höldum upp á bóndaginn og konudagin. Auk þess bjóðum við foreldrum í morgunkaffi einu sinni á haustönn og einu sinni á vorönn. Við höfum haft þetta fyrirkomulag með eldri börnin en þá stoppa foreldrar og fá sé morgunmat, spjalla og fara svo til sinna starfa. Á yngri kjörnum þá höfum við haft það fyrirkomulag að í stað þess að stoppa þegar foreldrar mæta með börnin í skólann, þá stoppa þau og fá sér nónhressingu um leið og þau sækja börnin í skólann. Auk þess sem óreglulegum uppákomum sem tengja fjölskyldur við leikskólann er fagnað. Við munum bjóða foreldrum á söngfundi tvívar yfir næsta skólaár.

Einnig starfa Hjallastefnuskólar eftir ákveðnum matarstöðlum, það er stefna skólans að vera með sem minnst af hvítum sykri, hveiti og unnum kjötvorum. Einnig tökum við fullt tillit til hinna ýmsu matarþarfa hjá fjölskyldum, hvort sem það er ofnæmi, óþol og eða ákvörðun foreldra hvort börn þeirra neyti kjöts eða fisks. Kokkurinn er þess vegna alltaf með mjög fjölbreyttan mat til að mæta þörfum allra. Mikil ánægja hefur verið meðal allra með matinn, og höfum við brugðið á það ráð að miðla reglulega uppskriftum að vinsælum réttum til foreldra í gegnum samfélagsmiðla. Hefur það vakið mikla lukku.

Foreldraráð er starfandi við skólann og er hluti af stjórnerfi leikskólans. Í foreldraráðið er kosið að hausti ár hvert á opnum foreldrafundi. Foreldraráð fundar að minnsta kosti tvívar á starfsárinu og gefur umsögn um starfsáætlun og skóladagatal svo og skólanámskrá leikskólans.

Foreldrafélag er einnig starfandi í tengslum við skólann og í því sitja átta foreldrar skólaárið 2019-2020 og eru fulltrúar frá öllum kjörnum. Foreldrafélagið stendur fyrir margvíslegum uppákomum sem gleðja börnin yfir skólaárið og má þar nefna jólaföndur, vetrargöngu og vorhátið. Einnig hefur félagið

boðið upp á fræðslufundi fyrir foreldra tvisvar yfir skólaárið. Nú í haust bauð foreldrafélagið upp á fræðslukvöld fyrir foreldra í Öskju. Elísa Guðnadóttir sálfræðingur hélt fyrirlesturinn og fjallaði hann um svefn ungra barna. Foreldrafélagið hefur stundum kostað rútuferðir þegar farið er í lengri ferðir ásamt því að gefa leikskólanum ýmsar gjafir eins og skjávarpa, myndavélar sem nýttust skólanum vel en einnig keypti foreldrafélagið vatsnbrúsa fyrir öll börn sem þau eiga hér í skólanum. Á þessu starfsári keypti foreldrafélagið bekki fyrir skólalóðina.

Foreldraviðtöl fara fram í nóvember og mars ár hvert. Foreldraviðtöl fara fram á laugardögum og hefur það gefist vel. Þessir dagar hafa verið sérstaklega hátíðlegir fyrir okkur. Það sem okkur hefur fundist svo frábært við að hafa foreldraviðtöl á laugardögum er að þá hafa báðir foreldrar haft tækifæri til að mæta í rólegheitum, án þess að þurfa að skjótast í og úr vinnu og allir njóta dagsins. Gott kaffi hefur þá verið í boði í miðrými Öskju og foreldrum gefist kjörið tækifæri til að kynnast og spjalla.

Í tengslum við þessi foreldraviðtöl fylla kennarar út gátlista yfir þroskastöðu barna, félagslega stöðu þeirra og gengi í leikskólanum sem síðan er kynntur foreldrum í foreldraviðtolunum.

7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Sjá skóladagatal.

8 Fylgigögn

- 8.1 Fylgiskjal 1 – Skóladagatal
- 8.2 Fylgiskjal 2 – Úrvinnsla kannana
- 8.3 Fylgiskjal 3 – Umsögn foreldraráðs
- 8.4 Fylgiskjal 4 - Símenntunaráætlun

F. h. leikskólans


Gíðrún Silja Styrkarsdóttir

14.07.2020

Leikskólastjóri

Dagsetning



Fylgiskjal 3

Starfsáætlun 2020 – 2021

Askja

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leískólans skipa:

Margrét Grétarsdóttir
Margrét Halldóra Hallgrímsdóttir
Ásdís Sveinsdóttir



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglings menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólapróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólk, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Margrét Hallgrímsson Hallgrímsson
Árðís Sveinbjörnsson
Margrét Grettarsdóttir Jónusen



Umsögn foreldraráðs:

Foreldraráð hefur lesið yfir starfsáætlun Leikskólans Öskju fyrir starfsárið 2020-2021 og er hún hér með samþykkt.

Lýsir foreldraráð einróma yfir stuðningi við starfsáætlunina enda er hún í fullu samræmi við þær kynningar og fræðslufuundi sem foreldrar hafa fengið á starfinu sem þar er unnið. Starfsáætlunin er í senn fagleg og metnaðarfull. Innra og ytra mat leikskólans er til fyrirmynadar og að öllu leyti í samræmi við áherslur skólastefnu Hjallastefnunnar. Í starfsáætluninni er að mati foreldraráðs tekið á öllum þáttum sem snúa að börnum, foreldrum, starfsfólkini og starfinu öllu.

Foreldarkönnun var gerð á nýliðnu starfsári og endurspeglar niðurstöður könnunarinnar mikla ánægju meðal foreldra með leikskólann Öskju. Niðurstöður könnunarinnar sýna til að mynda að 99% foreldra myndu mæla með leikskólanum Öskju við vini og vandamenn. Aðrir þættir sem foreldrar sögðust vera sérlega ánægðir með eru til að mynda starfsfólk, maturinn, falleg samskipti milli kennara og barna, skólaufotin og vettlingaáskriftin.

Foreldraráð lýsir sérstakri ánægju með aukinni áherslu leikskólans á umhverfismál. Leikskólinn vinnur nú hörðum höndum að því að hætta með alla plastpoka og nota þess í stað eigin taupoka undir óhrein föt. Taupokarnir eru umhverfisvænir að öllu leyti og saumaðir úr slitnum starfsmannabolum og skólaufotum. Þá hefur leikskólinn stofnað sérstaka umhverfisvernd sem er ætlað að fullvinna umhverfisstefnu fyrir leikskólann. Með þessum áherslum sýnir leikskólinn í senn framsýni og umhverfislega ábyrgð að mati foreldraráðs.

Ljóst er að leikskólinn Askja stefnir með nýrri starfsáætlun að því að gera enn betur á næsta skólaári. Foreldraráð Öskju fagnar þessum mikla metnaði og er að öllu leyti sammála þeim áherslum, markmiðum og leiðum sem unnið er eftir.

Margrét Halldóra Hallgrímsdóttir

Margrét Halldóra Hallgrímsdóttir

Margrét Grétarsdóttir Jónasson

Margrét Grétarsdóttir

Ásdís Sveinsdóttir

Ásdís Sveinsdóttir





LÁTUM
DRAUMANA
RÆTAST



Skóladagatal 2020 - 2021

Nafn skóla: Askja

ÁGUST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ		JÚLÍ			
1 L		1 þ		1 F		1 S		1 þ	Fullveldisdagurinn	1 F	Nýársdagur	1 M	Jákvæðnilota	1 M	Vináttulota	1 F	Skírdagur	1 L	Verkalyðsdaugurinn	1 þ		1 F			
2 S		2 M		2 F	Söngfundur með foreldrum Græna kjarna	2 M	Samskiptalota	2 M		2 L		2 þ			2 þ	Föstdagurinn langi	2 S		2 M			2 F			
3 M	Fridagur verslunarmanna	3 F		3 L		3 þ		3 F		3 S		3 M			3 M		3 M	Opin vika	3 F		3 L				
4 þ		4 F		4 S		4 M		4 F		4 M		4 F			4 F	Páskadagur	4 þ		4 F			4 S			
5 M		5 L	5 M	Sjálfstæðislota	5 F		Söngfundur með foreldrum Bláa kjarna	6 S		6 M	Prettandinn	6 L	Dagur leikskólangs	6 L	Foreldrvötið	6 þ	Áræðnilota	6 F		5 L		5 M	Opin vika		
6 F		6 S		6 þ	6 F					6 M						6 þ		6 S	Sjómannadagurinn	6 þ					
7 F		7 M	Agalota	7 M		7 L		7 M	Opin vika	7 F		7 S			7 S		7 M		7 F		7 M	Opin vika	7 M		
8 L		8 þ		8 F		8 S	Baráttudagur gegn einetti	8 þ		8 F	Sparifatadagur	8 M	Opin vika	8 M	Vináttulota	8 F		8 L		8 þ		8 F			
9 S		9 M		9 F		9 M	Samskiptalota	9 M		9 L		9 þ			9 þ		9 F	Söngfundur með foreldrum Bláa kjarna	9 S		9 M		9 F		
# M		# F		# L	Foreldrvötið	# þ		# F		# S		# M			# M		# L		# M	Opin vika	# F		# L		
# þ		# F		# S		# M		# F		# M	Jákvæðnilota	# F		# F		# S		# þ	1/2 Skipulagsdagur	# F		# S			
# M		# L		# M	Sjálfstæðislota	# F		# L		# þ		# F			# F		# M	Áræðnilota	# M	Skipulagsdagur	# L		# M	Opin vika	
# F	Askja opnar eftir sumarfrí	# S		# þ		# F		# S		# M		# L			# L		# þ		# F	Uppstigningardagur	# S		# þ		
# F		# M	Agalota	# M		# L		# M	Opin vika	# F		# S			# S		# M		# F	Skipulagsdagur	# M	Opin vika	# M	Sumarleyfi hefst	
# L		# þ		# F		# S		# þ		# F		# M	Vináttulota	# M	Boludagur	# M	Opin vika	# F		# L		# þ	# F		
# S		# M	Dagur íslenskrar náttúru	# F	Skipulagsdagur/Hjallaráð	# M	Samskiptalota	# M		# L		# þ	Sprengidagur	# þ		# F	Söngfundur með foreldrum Rauða kjarna	# S		# M		# F			
# M		# F		# L		# þ		# F		# S		# M	Oskudagur	# M		# L		# M	Opin vika	# F	Lýðveldisdagurinn	# L	Lýðveldisdagurinn		
# þ		# F		# S		# M	Jólamatur	# F	Jákvæðnilota	# F		# F			# S		# þ		# F		# S		# F		
# M		# L		# M	Sjálfstæðislota	# F		# L		# þ		# F	Foreldrakaffi stúlkna	# F	foreldrum Græna kjarna	# M	Áræðnilota	# M		# L		# M		# M	
# F		# S		# þ		# F	Söngfundur með foreldrum Rauða kjarna	# S		# M		# L		# L	# L	# þ		# F		# S		# þ			
# F		# M	Opin vika	# M		# L		# M	Opin vika	# F		# S	Konudagur	# S		# M		# F		# M	Opin vika	# M			
# L		# þ		# F		# S		# þ		# F	Bóndadagur Foreldrakaffi drengja	# M	Vináttulota	# M	Opin vika	# F	Sumardagurinn fyrsti	# L		# þ		# F			
# S		# M		# F	Söngfundur með foreldrum Gula kjarna	# M	Samskiptalota	# M	þorlákssessa	# L		# þ		# þ	# F		# S	Hvitasunnudagur	# M		# F				
# M	Agalota	# F		# L	Fyrsti vetrardagur	# þ		# F	Aðfangadagur jóla	# S		# M		# M		# L		# M	Annar í Hvitasunnu	# F		# L			
# þ		# F		# S		# M		# F	Jóladagur	# M	Jákvæðnilota	# F		# F		# S		# þ	Opin vika	# F		# S			
# M		# L	Evrópski tungumáladagur	# M	Opin vika	# F		# L	Annar í jólum	# þ		# F	Söngfundur með foreldrum Gula kjarna	# M	Áræðnilota	# M		# L		# M		# L		# M	
# F		# S		# þ		# F		# S		# M		# L		# L	# L	# þ		# F		# S		# þ			
# F		# M	Sjálfstæðislota	# M		# L		# M	Jólefri	# F		# S		# S	# S	# Pálmusunnudagur	# M		# F		# M	Opin vika	# M		
# L		# þ		# F		# S		# þ	Jólefri	# F	Söngfundur með foreldrum Bláa kjarna				# M	Skipulagsdagur	# F		# L		# þ	# F			
# S		# M		# F		# M	Opin vika	# M	Jólefri	# L					# þ	Skipulagsdagur	# F		# S		# M		# F		
# M	Agalota			# L					# F	Gamlársdagur	# S					# M	Skipulagsdagur		# M				# L		



Askja

Mælaborð skólastjóra



Viðhorfskönnun starfsfólks

Viðhorfskönnun starfsfólks

Samanburður á milli ára og síðan við heild

Gæðainnlit

Niðurstöður og aðgerðaáætlun
Þjálfunarprógram
Matur
Innra mat - Valfundir

Viðhorfskönnun foreldra

Samanburður á milli ára og síðan við heild

Fjármálin



Ráðin stöðugildi vs heimuluð
Launa%
Yfirvinnutímar
Veikindatímar



Viðhorfskönnum starfsfólks

Viðhorfskönnum starfsfólks



Samanburður á milli ára og síðan við heild





Viðhorfskönnum starfsfólks

- Allir Hjallastefnuskólar samanborið við Öskju






Viðhorfskönnum starfsfólks

- Allir Hjallastefnuskólar samanborið við Öskju

Meðaltal ánægjuskors allra matssprunginga






Viðhorfskönnum starfsfólks

- samanburður Öskju milli ára


Dreifing matssprunga





Viðhorfskönnum starfsfólks

- Samanburður Öskju milli ára





Viðhorfskönnun foreldra



Viðhorfskönnun foreldra

Samanburður á milli ára og síðan við heild



Viðhorfskönnum foreldra

- Allir Hjallastefnuskólar samanborið við Öskju






Viðhorfskönnum foreldra

- Allir Hjallastefnuskólar samanborið við Öskju

Meðaltal ánægjuskors allra matssprunginga






Viðhorfsskönnum foreldra

- Samanburður Öskju milli ára

Dreifing matssprunga






Viðhorfsskönnum foreldra

- Samanburður Öskju milli ára

Meðaltal ánaægjuskors allra matsspurninga



Símenntunaráætlun Askja 2019-2020

Starfshópur	Lýsing á símenntun	Markmið	Tímabil	Tímafjöldi	Umsjón
Anita Rubberdt	Íslenski smábarnalistinn	Réttindanámskeið	18. maí	7 klst	Íslenski þroska- og smábarnalistinn.
Anita Rubberdt	Íslenski þroskalistinn	Réttindanámskeið	20. maí	7 klst	Íslenski þroska- og smábarnalistinn. Throski.is
Allir	Tákn með tali		ágúst		
Hópstjórar og stuðningsfólk	Kynjanámskráin	Undirbúningur agalotu.	29. ágúst	1 klst	Stjórnendur
Hópstjórar og stuðningsfólk	Kynjanámskráin	Undirbúningur sjálfstæðislotu	24. september	1 klst	Stjórnendur
Allir	Haustráðstefna Hjallastefnunnar / vinnustofur	Hjallastefnufræðsla	4. október	6 klst	Hjallastefnan ehf
Allt starfsfólk	Starfsmannafundur	Nýliðaprógramm	16. október	2 klst	Stjórnendur og þjálfarar nýliða
Hópstjórar og stuðningsfólk	Kynjanámskráin	Undirbúningur samskiptalotu	31. október	1 klst	Stjórnendur
Hópstjórar og stuðningsfólk	Kynjanámskráin	Undirbúningur fyrir sjálfstæðislotu + samskiptalota gerð upp.	10. október	3 klst	Stjórnendur
Hópstjórar og stuðningsfólk	Kynjanámskráin	Undirbúningur fyrir samskiptalotu +	1. nóvember	3 klst	Stjórnendur
Charlotta Ásgeirs dóttir	Ráðstefna um atferlisgreiningu	Fræðast um atferlisgreiningu	nóvember	8 klst	Samtök um atferlisgreiningu á Íslandi
Hópstjórar og stuðningsfólk	Kynjanámskráin	Undirbúningur vináttulotu	13. febrúar	1 klst	Stjórnendur

Símenntunaráætlun Askja 2019-2020

Allir	Ég er unik	Fyrirlestur um einhverfu	18. febrúar	2 klst	Aðalheiður Sigurðardóttir / Blátt áfram.
Hópstjórar og stuðningsfólk	Kynjanámskráin	Undirbúningur Áræðnilotu	19. mars	1 klst	Stjórnendur
Hópstjórar og stuðningsfólk	Kynjanámskráin	Undirbúningur fyrir jákvæðnilotu + sjálfstæðislotu gerð upp.	1. - 3. janúar	3 klst	Stjórnendur
Allir	Kynjanámskráin og fleira	Undirbúningur fyrir vináttulotu + jákvæðinlotu gerð upp.	9. febrúar	7 klst	Stjórnendur
	Kynjanámskráin. Handbók Hjallastefnunnar	Undirbúningur áræðnilotu + vináttulota gerð upp. Bleik og blá slikja.	13. mars	3 klst	Stjórnendur
Auður Emilsdóttir og Birna Hrund Björnsdóttir	Myndbandasýnikennsla (video modeling)	Námskeið í notkun á video modeling í sérkennslu	20. mars	4 klst	Pórhalla Guðmundsdóttir frá Þjónustumiðstöð Miðborgar, Vesturbærar og Hlíða.
Charlotta Ásgeirsdóttir	Leiðbeinendanámskeið	Uppeldis sem virkar, færni til framtíðar	3. og 4. apríl	12 klst	Þroska og hegðunarstöð.
Allir			10. apríl	3 klst	starfsmannafundur
Allir			22. maí	3 klst	starfsmannafundur

Símenntunaráætlun Askja 2019-2020

Allir	Námsferði til New York	Fræðast um noktkun á einingakubbum	12.-17. Maí	6 dagar	Stjórnendur og ferðanefnd

Símenntunaráætlun Askja 2019-2020

Hugmyndir frá starfsfólki að símenntun: